

Erindi til forsætisnefndar

Óskað er eftir því að forsætisnefnd taki til skoðunar hvort bæjarfulltrúi Sigurbjörg Erla Egilsdóttir hafi í viðtali sem birtist á www.visir.is þann 28. mars sl. gerst brotleg við siðareglur bæjarfulltrúa.

Í viðtalinu upplýsir Sigurbjörg Erla um atriði sem bæjarstjóri óskaði sérstaklega að trúnaður ríkti um í bæjarráði og varðar mögulega endurskoðun á akstursgreiðslum til starfsfólks sem sinnir liðveislu.

Orðrétt segir bæjarfulltrúi í viðtali,

„Hún segir í þessu samhengi áhugavert að í heildartillögunum sé talað sérstaklega um að endurskoða akstursgreiðslur til starfsfólks. Hún hafi spurt um þetta á fundinum og fengið þau svör að þetta ætti til dæmis við um fólk sem starfi við liðveislu. Þau hafi akstursheimild fyrir 75 kílómetra akstri á mánuði og það eigi að endurskoða.“

Tillaga bæjarstjóra um endurskoðun á reglum um ökutækjastyrki starfsmanna sem lögð var fram í bæjarráði 27. mars sl. tiltekur ekki til hvaða starfa horft verði til, enda ljóst að málið er viðkvæmt og í kjölfar samþykktar bæjarstjórnar þarf að taka samtalið við stjórnendur bæjarins.

Fundur bæjarráðs er lokaður trúnaðarfundur og óheimilt að skýra frá því sem fram kemur á fundinum umfram það sem stendur í fundargerð.

Að mati undirritaðrar er hér um alvarlegan trúnaðarbreist að ræða sem hefur áhrif á traust sem verður að ríkja á milli bæjarfulltrúa sérstaklega þegar unnið er að jafn viðkvæmum málum og hagræðingaraðgerðum sem kunna að hafa áhrif á stöðu starfsfólks og íbúa.

Bestu kveðjur,

Ásdís Kristjánsdóttir

Bæjarstjóri

Asdis.Kristjansdottir@kopavogur.is